

STEFNA HÉRAÐSDÓMSTÓLANNA

2016-2019



DÓMSTÓLARÁÐ



DÓMSTÓLARÁÐ

Útgefandi:

Dómstólaráð

Sími: 5512900

domstolarad@domstolar.is

www.domstolar.is

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa

Framkvæmdastjóri dómstólaráðs:

Ólöf Finnsdóttir

Formaður dómstólaráðs:

Símon Sigvaldason

Aðrir ráðsmenn:

Hjörtur O. Aðalsteinsson

Jón Höskuldsson

Þorgeir Ingi Njálsson

Þórdís Ingadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Meginhlutverk	4
Gildi dómstólanna	5
Stefna, markmið og aðgerðir	6
Þjónusta	7
Réttlát og opinber málsmeðferð	7
Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar	7
Almenningur beri traust til dómstólanna	7
Héraðsdómstólar um land allt	8
Verklag	10
Gagnsæ upplýsingamiðlun	10
Skilvirkni og gæði	11
Hagkvæmni	11

Mannauður	12
Hæfir starfsmenn	12
Gott starfsumhverfi	12
Virk símenntun	13
Traust og virðing	13
Fjármál	14
Rekstur í samræmi við fjárheimildir	14
Kostnaðarvitund	14

INNGANGUR

Í maí 2012 samþykkti dómstólaráð stefnu ráðsins og héraðsdómstólanna fyrir árin 2012 – 2015 í kjölfar umfangsmikillar stefnumótunarvinnu með aðkomu fulltrúa allra starfhópa héraðsdómstólanna auk fulltrúa utanaðkomandi aðila, LMFÍ og ákærendafélagsins. Með stefnunni var dómstólaráði og héraðsdómstólunum mörkuð framtíðarsýn með gildum, áherslum og markmiðum. Stefnunni fylgdi aðgerðaráætlun þar sem aðgerðir til þess að ná settum markmiðum voru skilgreindar og tilgreint hver bar ábyrgð á hverri aðgerð fyrir sig. Þá voru settir mælikvarðar með hverri aðgerð þannig að mögulegt væri að mæla árangurinn.

Dómstólaráð ákvað snemma árs 2015 að hefja endurskoðun á fyrirliggjandi stefnu og samhliða að leggja mat á það hvernig til hefði tekist á liðnum árum við að framfylgja settum markmiðum. Ráðið taldi mikilvægt að marka stefnunni skýrari sess í starfsemi héraðsdómstólanna með enn frekari eftirfylgni og aðkomu dómstjóra hvers dómstóls fyrir sig. Niðurstaða dómstólaráðs var sú að meginmarkmið og gildi skyldu haldast óbreytt en ákveðið var að breyta einhverjum áherslum í aðgerðaráætlun og skrifa inn nýjar

aðgerðir þar sem við átti. Haldinn var sérstakur starfsdagur með dómstjórum héraðsdómstólanna þar sem rýnt var hvernig til hefði tekist á liðnum árum varðandi einstaka þætti í stefnu dómstólaráðs og héraðsdómstólanna og ákveðið hvaða þætti skyldi styrkja og á hvern hátt. Þá var haldinn rýnifundur með þverfaglegum hópi starfsmanna í sama tilgangi og haldnir fundir með ríkissaksóknara, fulltrúum Hæstaréttar, LMFÍ og innanríkisráðuneytisins. Í kjölfarið var skrifuð meðfylgjandi aðgerðaráætlun, með mælikvörðum þar sem við á, út frá stefnu dómstólanna og þeim athugasemdum og tillögum sem fram komu á fundum með framangreindum aðilum. Þá er ætlunin að dómstjórnir skrifi sínar eigin aðgerðaráætlanir um það hvernig þeir hyggist ná settum markmiðum á þeim þáttum sem þeir bera ábyrgð á. Ef aðgerðum fylgja sérstök rekstrarútgjöld er áætlað fyrir þeim kostnaði við gerð rekstraráætlunar ár hvert. Aðgerðaráætlunin er „lifandi“ skjal sem er uppfært reglulega eftir þörfum með hliðsjón af áhersluþáttum í starfsemi dómstólanna hverju sinni.

MEGINHLUTVERK

Að tryggja rétt allra til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómstóli.

Gildi dómstólanna

SJÁLFSTÆÐI

Dómstólarnir skulu vera sjálfstæðir.

TRAUST

Starfsmenn dómstólanna skulu vinna störf sín af heilindum, virðingu og heiðarleika og gæta fyllsta trúnaðar.

Dómstólarnir leggja áherslu á að starfsmenn þeirra hafi þá hæfni sem þarf til þess að dómstólarnir geti gegnt hlutverki sínu.

SKILVIRKNI

Dómstólarnir skulu tryggja rétta og skilvirka málsmeðferð.

Dómar skulu kveðnir upp innan lögmæltis frests í kjölfar réttlátrar og óvilhallrar málsmeðferðar. Dómar skulu vera vel rökstuddir og skiljanlegir.

Starfsmenn fylgi ákveðnum verkferlum og formskjölum sem er ætlað að tryggja hagkvæma og skilvirka starfsemi dómstólanna.

GAGNSÆI

Dómstólarnir skulu vera aðgengilegir öllum. Þeir skulu beita sér fyrir aukinni þekkingu á réttarríkinu og stuðla að faglegri umræðu um starfsemi sína.

Dómstólarnir skulu leitast við að veita upplýsingar um starfsemina.

Stefna, markmið og aðgerðir

ÞJÓNUSTA

Réttlát og opinber málsmeðferð

Meginreglan að íslenskum lögum er réttlát og opinber málsmeðferð. Almennigur og fjölmiðlar geta að jafnaði verið viðstaddir þinghöld og fylgst með störfum dómstólanna.

Aðgerðir

- » Birting dóma á heimasíðu dómstólaráðs verði í samræmi við gildandi lög og reglur þar um.
- » Til þess að auðvelda dómaleit á heimasíðu dómstólaráðs verður leitarvél á nýrri heimasíðu héraðsdómstólanna sambærileg nýrri heimasíðu Hæstaréttar Íslands. Þá verða leitarorð héraðsdómstólanna og Hæstaréttar samræmd.
- » Dómstólaráð gerir viðhorfskönnun um starfsemi dómstólanna, um þjónustu þeirra og verklag meðal lögmannna fyrir árslok 2016.
- » Á árinu 2016 verða settar reglur um afhendingu gagna til fyllingar ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar

Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.

Aðgerð

- » Fyrir árslok 2018 verði tekin ákvörðun um hvort dómstólaráð taki þátt sem áheyrnarfulltrúi (observer) í starfi ENCJ (European Network of Councils for the Judiciary).

Almennigur beri traust til dómstólanna

Starfsmenn dómstólanna skulu vinna störf sín af heilindum og lögum samkvæmt. Þeir skulu sýna þeim sem til dómstólanna leita virðingu og skilning og gæta jafnræðis og jafnréttis í hvívetna.

Aðgerðir

- » Leiðbeiningar fyrir dómkvadda matsmenn verða útbúnar í samvinnu við Lögmannafélag Íslands á árinu 2016 ásamt því að haldið verð námskeið fyrir þá sem leitast eftir því að sinna starfi sem dómkvaddir matsmenn.
- » Álit og úrskurðir nefndar um dómastörf verða birt á nýrri heimasíðu héraðsdómstólanna og dómstólaráðs.
- » Gildandi þingreglur dómstólaráðs verða endurskoðaðar fyrir árslok 2016.

Héraðsdómstólar um land allt

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómhúsið við Lækjartorg, 101 Reykjavík

Héraðsdómur Vesturlands

Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes

Héraðsdómur Vestfjarða

Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkrókur

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Hafnarstræti 107, 600 Akureyri

Héraðsdómur Austurlands

Lyngási 15, 700 Egilsstaðir

Héraðsdómur Suðurlands

Austurvegi 4, 800 Selfoss

Héraðsdómur Reykjaness

Fjarðargötu 9, 220 Hafnarfirði

Héraðsdómur Vestfjarða

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Héraðsdómur Austurlands

Héraðsdómur Vesturlands

Héraðsdómur Reykjavíkur

Héraðsdómur Suðurlands

Héraðsdómur Reykjaness

VERKLAG

Gagnsæ upplýsingamiðlun

Starfsmenn dómstólanna sem og almenningur skulu vera vel upplýstir um starfsemina og eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar um hana hverju sinni.

Aðgerðir

- » Á árinu 2017 verður unnið að kynningarefni um starfsemi héraðsdómstólanna m.a. til birtingar á heimasíðu héraðsdómstólanna og dómstólaráðs og samstarf við skólastofnanir eft í þeim tilgangi að auka þekkingu á starfsemi dómstólanna.
- » Á árinu 2016 verða útbúnar leiðbeiningar fyrir starfsmenn um hvernig fyrirspurnum um starfsemi dómstólanna verður best svarað.
- » Átak verður gert í skráningu í málaskrá þannig að bæta megi úrvinnslu tölfraeðiupplýsinga m.a. varðandi brotaflokka, dómtökudag og dómsuppsögudag. Þá verður sérstaklega hugað að því að skráning verði sem samræmdust milli héraðsdómstólanna.
- » Ársskýrsla verði útgefin ár hvert þar sem fram koma ýmsar tölfraeðilegar upplýsingar m.a. varðandi fjölda mála, tegund þeirra og mönnun dómstólanna. Úrvinnsla tölfraeðiupplýsinga verður efl í kjölfar aukinnar og samræmdrar skráningar.

Skilvirkni og gæði

Dómar skulu kveðnir upp innan lögmæltra tímamarka á grundvelli réttlátrar og óvilhallrar málsmeðferðar. Dómar skulu vera vel uppsettir, rökstuddir og skiljanlegir.

Aðgerðir

- » Dómsuppsögudegi verður bætt við skráningu í málaskrá þannig að tímabil frá dómstöku til dómsuppsögu verður mælanlegt, sbr. 5. tl. 14. gr. dómstólalaga. Kannað verður reglubundið hvort dómár og úrskurðir séu kveðnir upp innan lögmæltis frests.
- » Dómstólaráð boðar dómstjóra reglubundið til fundar til umræðu um samræmda framkvæmd, fjölda mála, skilvirkni og hraða við meðferð mála við dómstólana og hvað eina sem getur orðið til bóta í störfum héraðsdómstólanna að mati dómstjóra. Dómstólaráð metur í kjölfarið hvort ástæða er til þess að gera tillögu til breytinga á löggjöf sem um starfsemi dómstólanna gildir.
- » Á árinu 2017 verður unnin þarfagreining fyrir innri vef dómstólaráðs og héraðsdómstólanna þar sem verður að finna m.a. verklagsreglur um skráningu mála í málaskrá, verklagsreglur um birtingu dóma, formskjöl og annað útgefið efni af hálfu dómstólaráðs.
- » Stefnt verður að því að halda reglubundna fundi með ríkis-saksóknara, Lögmannafélagi Íslands og Hæstarétti Íslands um hvaðeina sem betur má fara við rekstur dómsmála, framlagningu gagna og frágang mála við héraðsdómstólana.

Hagkvæmni

Verkferlar, formskjöl og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að starfsmenn geti sinnt skyldum sínum skulu vera aðgengileg öllum starfsmönnum.

Aðgerðir

- » Stefnt verður að því að samræmd formskjöl héraðsdómstólanna verði nýtt og að rafskjöl í málaskrá verði uppfærð og löguð.
- » Á árinu 2016 verði unnið að mælikvarða um vægi mála hjá dómstólunum og þar lagt mat á vinnustundir sem liggja að baki hverjum þyngdarflokki mála í þeim tilgangi að jafna megi sem mest álag milli dómara og héraðsdómstólanna.
- » Mótaður verður reynsluhópur dómara og lögmanna sem leiðir verkefnið „rafrænn dómari“ með það að markmiði að auka hagkvæmni við vinnslu dómsmála. (rafrænar sendingar og vistun gagna ofl.)
- » Stefnt verður að því á árinu 2016 að fækka setningum í embætti héraðsdómara þannig að setningar á námsleyfistíma dómara hverju sinni heyri til undantekninga.

MANNAUÐUR

Hæfir starfsmenn

Héraðsdómstólarnir leitast við að laða að og halda í hæfa, jákvæða og metnaðarfulla starfsmenn sem geta stuðlað að því að dómstólarnir nái sem best markmiðum sínum hverju sinni í síbreytilegu starfsumhverfi. Við ráðningar er horft til hæfni, menntunar, starfsreynslu og annarra þátta sem máli kunna að skipta.

Aðgerðir

Starfs- og hæfnislýsingar skulu vera fyrirbyggjandi fyrir öll störf. Hæfnislýsingar dómara byggjast á reglum 620/2010 um hæfni umsækjenda um dómaraembætti.

Öll störf skulu auglýst á Starfatorgi og á innri vef dómstólanna og skulu hæfnislýsingar fyrir störf höfð að leiðarljósi við auglýsingu starfa. Ráðningarviðtöl við aðra en dómara eru tekin á grundvelli fyrirbyggjandi hæfniskrafna og skal reynslutími almennt vera þrjú mánuðir.

Gott starfsumhverfi

Héraðsdómstólarnir leggja áherslu á að skapa starfsmönnum sínum aðstæður til þess að samræma þær skyldur sem starfið og fjölskyldan leggur þeim á herðar enda bitni slíkt hvorki á þjónustu stofnunarinnar né á starfsframa þeirra.

Héraðsdómstólarnir vilja tryggja að starfsumhverfi sé öruggt og heilsusamlegt og fullnægi reglum laga um aðbúnað, öryggi og hollustu á vinnustað.

Aðgerðir

- » Dómstjórar og aðrir stjórnendur héraðsdómstólanna taka þátt í árlegri stjórnendabjálfun til þess að efla dómstólana sem vinnustað þar sem markviss mannauðsstjórnun og uppbygging liðsheildar er nýtt til þess að bæta enn frekar árangur og líðan í starfi. Efnisþættir stjórnendabjálfunar eru ákveðnir í samráði dómstjóra og dómstólaráðs.
- » Öllum starfsmönnum dómstólanna skal boðið upp á starfsmannasamtal/dómarasamtal einu sinni á ári.
- » Dómstólaráð fylgist með árlegri könnun SFR á stofnun ársins og metur þörf á úrbótum hverju sinni og dómstjórar vinna aðgerðaáætlun í kjölfarið í samvinnu við dómstólaráð.

Virk sýmenntun

Héraðsdómstólarnir leggja áherslu á að starfsmenn byggi upp og auka hæfni sína með virkri sýmenntun og þroskandi verkefnum. Dómstólarnir sjá til þess að nýir starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun og leiðsögn.

Aðgerðir

- » Haldnir verða reglubundnir fræðsludagar dómstólanna þar sem öllum starfsmönnum verður gefinn kostur á að taka.
- » Settar verða reglur um reglubundið námsleyfi dómara til samræmis við úrskurð kjararáðs þar um.
- » Fagráð dómara býður upp á reglubundin námskeið fyrir dómara.
- » Dómstólaráð á fulltrúa sem situr í stýrinefnd norrænu dómstólanna um endurmenntun sem býður reglubundið upp á námskeið fyrir dómara. Þá tekur fulltrúi dómstólaráðs þátt í árlegum ráðstefnum á vegum Evrópuráðsins sem ætlað er að stuðla að kynningu mannréttindasáttmálans m.a. á meðal dómara.
- » Dómstólaráð býður starfsmönnum dómstólanna reglubundið upp á námskeið sem nýtist þeim til árangurs í starfi.

Traust og virðing

Það er stefna dómstólanna að stuðla að góðum starfsanda þar sem ríkir gagnkvæmt traust og virðing milli allra starfsmanna. Framkoma sem veldur öðrum vanlíðan eða óöryggi verður ekki liðin.

Rík áhersla er lögð á að starfsmenn héraðsdómstólanna hafi ekki tengsl við málsaðila sem áhrif geti haft á störf þeirra.

Aðgerðir

- » Starfsmenn skulu gæta að því að, hver fyrir sitt leyti, að farið sé eftir gildandi siðareglunum fyrir starfsmenn dómstólanna.



FJÁRMÁL

Rekstur í samræmi við fjárheimildir

Héraðsdómstólarnir viðhafa góða fjármálastjórn og starfa innan fjárheimilda

Aðgerðir

Haldnir eru reglubundnir fundir með dómstjórum þar sem þeir gera grein fyrir rekstrarafkomu ársins og rekstraráætlunin komandi árs.

Kostnaðarvitund

Héraðsdómstólarnir tryggja að rekstur sé hagkvæmur, verkefni séu unnin innan áætlana og hagsýni gætt í innkaupum.

Aðgerðir

- » Innkaup héraðsdómstólanna skulu vera til samræmis við innkaupareglur dómstólaráðs.
- » Dómstólaráð og héraðsdómstólarnir eru áskrifendur að ramma-samningi Ríkisskaupa og þess skal gætt að innkaup á vörum í rammisamningskerfi verði helst eingöngu af rammisamningshöfum.
- » Undirbúningur stærri innkaupa skal vera samkvæmt fyrirfram hönnuðum verkferlum og hagkvæmum innkaupaðferðum beitt með því að auka notkun rammisamninga og útboða og gerð verðkannanna þegar um bein kaup án útboðs er að ræða.
- » Héraðsdómstólarnir skulu kanna hver um sig hvort hagræða megi í rekstri með lækkun innkaupakostnaðar t.d. með örútbodum varðandi raforkusölu, símakostnað ofl.
- » Hugað skal að umhverfisvænum innkaupum.



DÓMSTÓLARÁÐ

2016